

STJÓRNARTÍÐINDI A 23 — 1980

17. desember 1980.

335

Nr. 88.

L Ö G

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum,
nr. 5 13. febr. 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Áður en útflutningsgjald er lagt á skv. 2. gr. skal draga frá f.o.b.-verðmæti saltsíldar framleiddrar á síldarvertíð 1980 kr. 15.600 fyrir hver 100 kg innihalds vegna umbúðakostnaðar og kostnaðar við sérstök hjálparefni.

Útflutningsgjald skal ekki innheimt af ediksöltuðum síldarflökum eða söltuðum síldarflökum sem verkuð eru á svipaðan hátt, framleiddum á síldarvertíð 1980, til sölu í löndum Efnahagsbandalags Evrópu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 17. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

24. desember 1980.

Nr. 89.

L Ö G

um heimildir til lántöku á árunum 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1980 allt að 4 750 m.kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt miðað við gengi 1. ágúst 1980.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafa með svofelldum hætti:

	M.kr.
Til að lána Rafmagnsveitum ríkisins til framkvæmda við Kröflu	1 111
Til að lána Jarðvarmaveitum ríkisins til framkvæmda í Bjarnarflagi	300
Til að lána Rafmagnsveitum ríkisins til lagningar byggðalína	174
Til að lána Rafmagnsveitum ríkisins til almennra framkvæmda	473
Til að lána Orkusjóði til fjármögnunar á virkjunarrannsóknnum	260
Til að lána Orkubúi Vestfjarða til framkvæmda og til að mæta rekstrarhalla 1980	300
Til að lána Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til þess að ljúka tengingu hitaveitu í Borgarnesi	620
Til að lána Landhelgissjóði til kaupa á þyrlu	800
Til að lána Undirbúningsfélagi um saltvinnslu á Reykjanesi	60
Til að greiða hlut ríkissjóðs í dráttarbrautarframkvæmdum	520
Til að lána sveitarfélögum til hafnarframkvæmda	130

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita aðilum skv. 2. gr. sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs ef henta þykir að þeir taki lán án milligöngu ríkissjóðs. Komi upphæð sjálfskuldarábyrgðar þá til lækkunar lántöku ríkissjóðs skv. 1. gr.

4. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 25 000 m.kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1981. Fjármálaráðherra er heimilt að verja andvirði þess til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurláns til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum í samræmi við lánsfjáráætlun 1981 þegar lánsfjárlög fyrir árið 1981 hafa verið samþykkt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 24. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 og innheimtu þeirra á síðari hluta þess árs

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 98. gr. laga nr. 40/1978, sbr. 44. gr. laga nr. 7/1980, þarf álagningu opinberra gjalda eigi að vera lokið fyrr en 31. ágúst á árinu 1980.